

GJALDSKRÁ

fráveitu Reykhólahrepps.

1. gr.

Tengigjald:

Tengigjald fyrir einbýlishús er 136.130 kr.

Tengigjald fyrir fjölbýlishús er 136.360 kr. fyrir fyrstu íbúð, en 81.678 kr. á hverja íbúð þar umfram.

Tengigjald fyrir atvinnuhúsnæði er 201.195 kr.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps er heimilt að innheimta tengigjald fyrir tengingu við fráveitukerfi sveitarfélagsins. Tengigjald skal innheimt við úthlutun lóðar sem er í eigu sveitarfélagsins eða það hefur ráðstöfunarrétt á og við útgáfu byggingarleyfis á öðrum lóðum.

2. gr.

Fráveitugjald er 0,20% af heildarfasteignamatí.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps er heimilt að innheimta fráveitugjald af öllum fasteignum sem tengdar eru eða munu tengjast fráveitu sveitarfélagsins

Fráveitugjald greiðist til sveitarsjóðs Reykhólahrepps og skulu gjalddagar vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

3. gr.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtu-kostnaðar.

Fráveitugjald skal tryggt með lögveði í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 13. og 14. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni, önnur en fráveitugjald miðast við byggingarvisitölu 1. desember 2013 (119,3 stig) og breytast í samræmi við hana árlega.

Gjaldskráin tekur þegar gildi.

Gjaldskrá þessi er samþykkt í sveitarstjórn Reykhólahrepps 9. janúar 2014.

Reykhólahreppi, 9. janúar 2014.

Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri.